

Aukafundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn laugardaginn 18. febrúar 2023 og hófst kl. 09:30. Fundurinn var haldinn á Teams.

---

**Mættir stjórnarmenn:** Vanda Sigurgeirsdóttir formaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Guðlaug Helga Sigurðardóttir, Helga Helgadóttir, Ívar Ingimarsson, Orri Hlöðversson, Pálmi Haraldsson og Torfi Rafn Halldórsson.

**Mættir varamenn í stjórn:** Halldór Breiðfjörð Jóhannsson og Kolbeinn Kristinsson.

**Forföll:** Sigfús Ásgeir Kárason varaformaður og Unnar Stefán Sigurðsson.

**Mættur framkvæmdastjóri:** Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

**Þá tóku eftirfarandi starfsmenn KSÍ sæti á fundinum:**

- Birkir Sveinsson, sviðsstjóri innanlandssviðs.
- Ómar Smárason, deildarstjóri samskiptadeildar.

**Fundargögn:**

- Fundargerð mótanefndar 17. febrúar 2023.
  - Minnisblað mótanefndar vegna þátttökutilkynningar Kórdregja.
- 

1. Rætt var um mótamál.

- a. Torfi Rafn Halldórsson formaður mótanefndar og Birkir Sveinsson mótastjóri reifuðu málavexti, en Kórdregir hafa ekki getað framvísað upplýsingum um keppnisvöll þrátt fyrir beiðni þar að lútandi.

Úr fundargerð mótanefndar:

*FH hefur tilkynnt KSÍ að Kórdregir séu ekki með heimavöll á Kaplakrikavelli líkt og kemur fram í þátttökutilkynningu Kórdregja fyrir knattspyrnumótin 2023.*

*Samkvæmt þessum upplýsingum þá eru Kórdregir ekki með leikvöll fyrir komandi keppnistímabil. Ljóst er þar með að grundvöllur fyrir keppni Kórdregja í Lengjudeild karla og Mjólkurbikar karla er brostinn.*

*Kórdregir fengu sólahring til að tilkynna um nýjan völl. Jafnframt var þeim tilkynnt að þátttökutilkynning þeirra verði ekki tekin gild af þeim sökum. Er það í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót grein 13.4. Frestur sem þeim var veittur til að tilkynna um nýjan völl er liðinn.*

*Erfiðlega hefur gengið að ná í forsvarsmenn Kórdregja um þetta mál.*

*Það er mat mótanefndar að Kórdregir hafi ekki skilað nauðsynlegum upplýsingum varðandi leikvöll með þátttökutilkynningu í mót sumarsins, því sé ekki hægt að taka þátttökutilkynninguna til greina, og að meðhöndla verði mót sumarsins eins og Kórdregir hafi ekki tilkynnt þátttöku.*

- b. Kórdregir hafa tilkynnt að félagið muni ekki mæta til leiks sem fram á að fara síðar í dag í Lengjubikar. Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skal vísa félaginu úr viðkomandi móti (ekki mætt til keppni tvo leikdaga í móti) og verður það gert síðar í dag.
- c. Í samræmi við grein 13.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, staðfesti stjórn KSÍ að þátttökutilkynning Kórdregja í Íslandsmót og bikarkeppni KSÍ sumarið 2023 yrði ekki tekin til greina þar sem nauðsynlegar upplýsingar fylgi ekki þátttökutilkynningu félagsins skv. reglugerðum KSÍ. Beiðni Kórdregja um þátttöku í Íslandsmóti Lengjudeildar karla og í Mjólkurbikarkeppni KSÍ er því hafnað. Framkvæmdastjóra var falið að tilkynna Kórdregjum um þessa niðurstöðu stjórnar.

d. Stjórn KSÍ samþykkti tillögu mótanefndar um eftirfarandi flutning á milli deilda:

**Lengjudeild karla**

Ægir flyst í Lengjudeild karla í staða Kórdregja.

- Ægir var í 3. sæti 2. deildar karla 2022.

**2. deild karla**

KFG flyst í 2. deild karla í stað Ægis.

- KFG var í 3. sæti 3. deildar karla 2022.

**3. deild karla**

Hvíti riddarinn flyst í 3. deild karla í stað KFG.

- Hvíti riddarinn var í 4. sæti 4. deildar karla 2022.
- Ýmir hefur nú þegar færst upp um deild í stað Einherja.

**4. deild karla**

Hamar flyst í 4. deild karla í stað Hvíta riddarans.

- Hamar var með 2. bestan árangur liða (meðal stigaskor) í 3. sæti riðlakeppni 4. deildar karla 2022.

**5. deild karla**

Álafoss flyst upp í 5. deild karla í stað Hamars.

Vegna breytinga á þátttöku félaga í 5. deild verður riðlaskipting deildarinnar endurskoðuð.

**Utandeild karla**

Vegna breytinga á þátttöku félaga verður opnað að nýju fyrir skráningar í Utandeild.

Fleira var ekki tekið til umræðu og var fundi slitið 10:15.

Klara Bjartmarz  
Fundarritari